

Nr. 079 / 15 Röst SK 17***Skipverji slasast á þilfari***

Skipaskr.nr. 1009 IMO nr.
Smíðaður: Noregi 1966, stál
Stærð: 187 brl. 334 bt.
Mesta lengd: 34,60 m Skráð lengd: 31,54 m
Breidd: 7,02 m Dýpt: 6,14 m
Vél: Alpha 684 kW 1982
Fjöldi skipverja: 5



Röst©Fiskifrétir

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. maí 2015 var Röst SK 17 á rækjuveiðum SA af Grímsey. Veður: Milt og smá veltingur.

Skipverjar voru að láta trollið fara og var einn þeirra að fylgja „rússanum“ (um 30 mm tóg) til að tryggja að hann lenti ekki undir því. Tógið lá í bugtum á þilfarinu og var skipverji að laga það þegar hann þurfti að taka skref afturábak til að halda jafnvægi vegna veltu. Við það steig hann ofan í tvær bugtir, festist þar með læri og kálfa vinstri fótur og dróst af stað en skorðaðist á leiðinni upp við lunningu sem kom í veg fyrir að hann færi útbyrðis.

Siglt var strax með slasaða til Siglufjarðar og hann síðan fluttur til Akureyrar.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir þennan atburð var verklagi breytt þannig að pokanum er ekki sleppt fyrr en allur rússinn er kominn í sjóinn og þá haldið við hann. Við þetta verður ekkert átak á rússanum og ef eitthvað kemur upp á getur einn maður greitt úr og haldið við hann;
- að búið er að leggja skipinu og útgerð þess hætt.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.